



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir til að fækka nemendum í grunnskólabekkjum - kennslu í heimahúsum og vægi tækni- og listaverkefna í grunnskólum - R20020057***

Á fundi borgarráðs þann 6. febrúar 2020 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn til Skóla- og frístundaráðs frá áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins í borgarráði.

*Hvað er skóla- og frístundaráð að gera til að fækka nemendum í bekkjum? Hvað eru mörg börn sem fá kennslu í heimahúsi? Hvað er ca. vægi tækni- og listaverkefna í grunnskólum borgarinnar?*

**Svar:**

Skólastjórar skipuleggja skólastarfið í sínum skólum í samráði við kennara og á það einnig við um bekkjarstærðir/hópastærðir. Grunnskólar borgarinnar fá úthlutað fjármagni eftir ákveðnum reiknireglum þar sem m.a. er gert ráð fyrir hægt sé að skipta upp hópum í ákveðnum greinum, s.s. sundi og sumum list- og verkgreinum. Aðstaða til kennslu í greinum eins og heimilisfræði kallar oftast einnig á minni hópastærðir.

Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs hefur meðalfjöldi nemenda á hvern umsjónarkennara í grunnskólum borgarinnar fjölgað á tímabilinu 2015 – 2019 úr 22,1 nemendur árið 2015 í 22,7 árið 2016 eða um 0,6 nemendur. Á sama tíma hefur fjöldi nemenda á hvern kennara í grunnskólum borgarinnar fjölgað úr 12,0 í 12,2. Meðalfjöldi nemenda á alla starfsmenn grunnskóla hefur fækkað úr 7,1 árið 2015 í 6,6 haustið 2019 enda hefur starfsmönnum grunnskóla borgarinnar fjölgað til muna undanfarin ár.

Skóla- og frístundasvið hefur upplýsingar um einn nemanda sem stundar nám sitt í vetur í heimahúsi og er sá nemandi skráður í Ásgarð, skóla í skýjunum. Einnig kemur reglulega upp sú staða að sjúkrakennslu eða fjarkennslu sé sinnt í afmarkaðan tíma og fer þá nám nemenda fram á heimili. Þegar skerða þurfti skólastarf upp úr miðjum mars 2020 eflidist fjarkennsla í grunnskólum borgarinnar til muna og kennarar öfluðu sér þekkingar og öðluðust stóráukna færni í að sinna námi einstaklinga og hópa í gegnum þessa tækni. Að mati skólastjóra hentuðu þessar leiðir mörgum nemendum með kvíða og skólaforðun og þeir náðu að sinna námi sínu mun betur en áður.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru birt viðmið um vægi námssviða sem skólum ber að fara eftir. Hlutfall list- og verkgreina á að vera 15,48% af kennslutíma og hlutfall upplýsinga- og tæknimenntar á að vera 2,68% af kennslutíma.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs